

Umsögn um athugasemdir sem bárust á kynningartíma um áform um friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ

Skv. 3. mgr. 36. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013

Í janúar 2019 fór Garðabær þess á leit við Umhverfisstofnun að hefja undirbúning friðlýsingar í Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ. Styrktar- og líknarsjóður Oddfellow óskaði einnig eftir að sá hluti Selgjár sem fellur innan lands hans falli innan friðlýsingarinnar. Hluti svæðisins var friðlýstur sem Reykjanesfólkvangur árið 1975.

Vinnsla málsins hófst í kjölfarið og var skipaður samstarfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar. Hópin skipa: frá Garðabæ: Arinbjörn Vilhjálmsson, Guðbjörg Brá Gísladóttir og Linda Björk Jóhannsdóttir; frá Styrktar- og líknarsjóði Oddfellow: Ingjaldur Ásvaldsson, Júlíus Rafnsson, Hlöðver Kjartansson, Steindór Gunnlaugsson, Halldóra Hreggviðsdóttir; frá Ríkiseignum: Óskar Páll Óskarsson; frá hluta eigenda Selskarðs: Ólafur Erlingsson; frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu: Steinar Kaldal og frá Umhverfisstofnun: René Biasone og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir.

Þann 20. júní 2019 voru áform um friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ auglýst skv. 2. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga og veittur frestur til 23. ágúst 2019 til að skila athugasemdum. Auglýsingin var birt í Lögbirtingarblaði og á heimasíðum Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem og í Fréttablaðinu og á facebooksíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt var sent erindi til eftirfarandi aðila þar sem vakin var athygli á áformunum:

Ferðamálastofa
Félag leiðsögumanna
Ferðafélag Íslands
Ferðafélagið Útivist
Hestamannafélagið Sprettur
Hestamannafélagið Sörli
Hestamannafélagið Sóti
Landgræðsla ríkisins
Landssamband hestamanna
Landssamtök hjólræðamanna
Landvarðafélagið
Landsvirkjun
Landvernd
Náttúrufræðistofnun Íslands
Náttúrustofa Suðvesturlands
Náttúruverndarsamtök Íslands
Minjastofnun Íslands
Reykjanesfólkvangur
Samgöngustofa
Samtök ferðaþjónustunnar
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skógræktin
Skógræktarfélag Garðabæjar
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Slysavarnarfélagið Landsbjörg
Vatnsveita Hafnarfjarðar
Vegagerðin
Óskar Arnbjarnarson Óskarson
Anna Arnbjarnardóttir
Benedikt Sveinsson
Ingimundur Sveinsson
Guðrún Sveinsdóttir
Einar Sveinsson
Anna Lárusdóttir Ellerup
Sigríður Arnbjarnardóttir
Jón Lárusson
Óskar Lárusson
Bolli Þór Bollason
Hákon Erlendsson
Björn Erlendsson
Halldóra Erlendsdóttir
Jón Erlendsson

Alls bárust 12 erindi til Umhverfisstofnunar á kynningartíma.

Afmörkun svæðisins

Með erindi dagsettu 22. júlí 2019 frá Erlu Bil Bjarnadóttur kemur fram að hún fagni áformum um endurtekningu á friðlýsingu svæðisins og að nú nái svæðið yfir alla Selgjá. Hún telur það alvarlegan ágalla á áformum um friðlýsinguna að Urriðakotshraun vanti til að mynda samfellur í friðlýsingu svæðisins. Hún telur það yrði óafturkræft að leggja golfbrautir í hrauntröðina með tilheyrandi raski, einnig er aðgengi torvelt að svæðinu með stórvirkum tækjum. Hún gerir athugasemd við það að Urriðakotshraun sé undanskilið friðlýsingunni sem er náttúrulegt framhald hraunelfu frá Búrfelli um Búrfellsgjá og Selgjá.

Með erindi dagsettu 31. ágúst 2019 frá Júlíu G. Ingvarsdóttur kemur fram að hún fagnar fyrirhugaðri friðlýsingu svæðisins og lýsir áhyggjum af því að Urriðakotshraun sé ekki þar innifalið. Hún telur að fyrri markmið Garðabæjar um friðlýsingu „frá gíg til strandar“ ekki nást nema hrauntröðin sé inni í friðlýsingunni og þar með skapi samfellu frá Búrfelli til sjávar. Hún telur að það hljóti að draga verulega úr friðunargildi Búrfellsgjár ef hún er friðuð í bútum og telur hugmyndir landeigenda um golfvöll í hrauntröðinni vera óafturkræft náttúruspjöll. Ef af verði verður samfelldur göngu- og fræðslustígur rofinn. Hún tekur fram að hrauntröðin er eftirsótt gönguleið og til fræðslu. Hún telur að golfvöllur í hrauntröðinni muni hefta aðgengi almennings. Heppilegt er að hraunhryggurinn skilji á milli golfvallar og almennar útivistar, náttúruskoðunar og fræðslugangna eins og nú er.

Með erindi dagsettu 31. júlí 2019 frá Landvernd kemur fram að Landvernd fagni áformum um friðlýsingu svæðisins. Landvernd telur athyglisvert að ekki standi til að friðlýsa hrauntröðina í Urriðakotshrauni samkvæmt gögnum á vef Umhverfisstofnunar um áform um friðlýsinguna, þar vanti hrauntröðina sem myndar samfellu í friðlýsingum Búrfellshrauns. Að mati Landverndar rýrir þetta gildi friðlýsingarinnar. Hrauntröðin sé einstök jarðmyndun á landsvísu. Landvernd leggur til að við fyrirhugaða friðlýsingu verði bætt hrauntröðinni í Urriðakotshrauni sem er náttúrulegt framhald hraunelfu frá Búrfelli um gjárar.

Með erindi þann 16. ágúst 2019 frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur er gerð athugasemd við tillögu að mörkum svæðisins. Mörkin skarast við mörk Heiðmerkur neðan við Víkurholt syðra. Skógræktarfélagið sendi einnig kort sem sýnir skörun markanna. Stærð svæðis sem skarast er um 19,2 ha, þar eru 5 landnemaspildur innan eða að hluta til innan þess svæðis. Einnig er nokkuð af ræktuðum skógi og fjölfarinn göngustígur á vegum Skógræktarfélagsins.

Svör Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun ásamt landeigendum Urriðakotshrauns og Garðabæ vinna að undirbúningi stofnunar fólkvangs í Urriðakotshrauni. Stefna Garðabæjar og landeigenda er að hafa fólkvang í Urriðakotshrauni. Landeigendur vinna nú að hönnun og verklýsingu framkvæmda golfbrauta við hraunjaðarinn sem er í umsagnarferli hjá Umhverfisstofnun um hvort umrædd hönnun og fyrirhuguð framkvæmd hennar rúmist innan fólkvangs. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið nýtur nú þegar sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Hvað varðar athugasemd Skógræktarfélags Reykjavíkur varðandi skörun marka svæðisins við mörk Heiðmerkur neðan við Víkurholt syðra þá fundaði Umhverfisstofnun með fulltrúum Skógræktarfélags Reykjavíkur þann 4. nóvember 2019 um mögulegar útfærslur á mörkunum. Á fundinum var farið yfir tillögur að mörkum svæðisins og frekara samstarf um lokaafmörkun þess hluta er snýr að Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Í kjölfarið sendi Skógræktarfélag Reykjavíkur tillögur að mörkum svæðisins sem snýr að Heiðmörk og var mörkum svæðisins breytt því til samræmis.

Landnotkun og framkvæmdir

Hestamannafélagið Sóti sendi erindi þann 4. júlí 2019. Félagið gerir engar athugasemdir við áform um friðlýsingu svæðisins enda sé ekki um að ræða skerðingu á reiðvegum og umferð hesta innan svæðisins. Félagið telur mikilvægt að umferð geti verið með óbreyttu sniði.

Með erindi dagsettu þann 22. júlí 2019 gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við fyrirhuguð áform um friðlýsingu svæðisins en fer fram á samráð vegna þátta er snúa að málefnum Vegagerðarinnar. Einnig minnir stofnunin á vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi.

Svör Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsingin gerir ekki ráð fyrir að skerða reiðvegi sem fyrir eru á svæðinu og að heimild til umferðar um svæðið verði með óbreyttum hætti.

Hvað varðar framkvæmdir á svæðinu vegna vegagerðar að þá eru framkvæmdir á friðlýstum svæðum almennt háðar leyfi sveitarfélags og Umhverfisstofnunar og verður svo háttað til á þessu svæði. Deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið liggja ekki fyrir að svo stöddu en gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun verði heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

Landgræðsla

Með erindi dagsettu þann 21. ágúst 2019 frá Skógræktinni, kemur fram að Skógræktin gerir ekki athugasemdir við friðlýsingaráformin en notar tækifærið og hvetur Garðabæ og Umhverfisstofnun til þess að hlúa að náttúrulegri framvindu gróðurs á svæðinu en á því er að finna sjálfsáð birki, víði og eini ásamt öðrum lággróðri.

Með erindi 23. ágúst 2019 gerir Landgræðslan engar athugasemdir við áform um friðlýsingu svæðisins. Landgræðslan lýsir yfir ánægju með fyrirætlunina sem fellur vel að sjónarmiðum um jarðvegs- og gróðurvernd. Jafnframt er friðlýsingin líkleg til að tryggja landsvæðið til útivistar og almenningsnota, sem og rannsóknargildi þess. Með hliðsjón af útivistargildi svæðisins vekur Landgræðslan athygli á mikilvægi vandaðra göngustíga á svæðinu með náttúruvernd að leiðarljósi og bendir á leiðir til þess og lýsir sig fúsa til samráðs um hönnun göngustíga. Landgræðslan bendir einnig mikilvægi þess að fylgjast með gróðurframvindu á svæðinu og vakta hvort ágengar innfluttar tegundir nái þar fótfestu en þær má finna í ríku mæli í nágrenninu. Að lokum bendir Landgræðslan á að reglulegt eftirlit með svæðinu og landvarsla hefur mikla þýðingu fyrir framvindu og náttúruvernd á svæðinu, sem og þjónustu við útivistarfólk. Þá styður Landgræðslan takmarkanir á umferð útivistarfólks á leysingartímum og vissum árstíma þegar mikið vatn situr í jarðvegi og jarðvegur og gróður er sérlega viðkvæmur fyrir átroðningi.

Svör Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að eitt af markmiðum friðlýsingar svæðisins er að varðveita náttúrulegt gróður- og dýralíf svæðisins og hefur stofnunin fengið samantekt frá Náttúrufræðistofnun Íslands yfir náttúrufar og verndargildi svæðisins og miða friðlýsingaskilmálar m.a. við þær upplýsingar.

Hvað varðar ábendingar varðandi gerð stíga á svæðinu bendir Umhverfisstofnun á að nú þegar er nokkuð af stígum á svæðinu en eitt af verkefnum Umhverfisstofnunar er að viðhalda stígum á friðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar og koma í veg fyrir og loka villustígum. Umhverfisstofnun mun hafa umsjón með landvörslu og eftirliti á svæðinu. Einnig hefur Umhverfisstofnun heimild, skv. 25. gr. a. í lögum um

náttúruvernd nr. 60/2013 til að takmarka eða loka umferð á svæðum ef veruleg hættu er á tjóni af völdum mikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðum sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Málsmeðferð

Í tölvupósti frá Birni Erlendssyni og Jóni Lárussyni frá 16. júlí 2019, vísa þeir í bréf Umhverfisstofnunar til þeirra þar sem þeim var gefið tækifæri til tilnefningar í samstarfshóp vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar. Ekki hafi verið veittur neinn tímafrestur og að þeir fái upplýsingar utan úr bæ að samstarfshópurinn sé tekinn til starfa án þeirra vitneskju. Þeir álíta þessi vinnubrögð Umhverfisstofnunar og öll vinnubrögð í þessu máli alveg frá upphafi óásættanleg. Þeir taka fram að í september 2014 hafi þeir farið ítarlega yfir eignarréttindi jarðarinnar Selskarðs í umræddu landssvæði með forstjóra Umhverfisstofnunar. Ekki hafi verið tekið tillit til þessara ábendinga um eignarréttindi við friðlýsinguna árið 2014 og ekkert samráð hafi verið haft við þá á þeim tíma. Þeir telja að fulltrúi hluta eigenda Selskarðs hvorki hafa umboð né heimild til að sitja í samstarfshópnum fyrir hönd eigenda Selskarðs.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ, boðaði með bréfi, dagsettu 26. febrúar 2019, meðal annarra alla landeigendur Selskarðs til kynningarfundar um fyrirhuguð áform um friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ þann 7. mars 2019. Björn Erlendsson og Jón Lárusson boðuðu forföll á fundinn og óskuðu eftir sér fundi með Umhverfisstofnun sem haldinn var 24. apríl 2019. Á þeim fundi var farið yfir fyrirhugaða friðlýsingu og sjónarmið fulltrúa hluta Selskarðs til friðlýsingarinnar. Þeir Jón og Björn lýstu því yfir að þeir telji að fyrst þurfi að fá úr því skorið hvernig eignarhlutdeild sé háttað á því svæði sem til stendur að friðlýsa. Að þeirra mati sé ekki hægt að hefja friðlýsingarferli fyrr en það liggur fyrir. Á sama fundi var ákveðið að Umhverfisstofnun sendi landeigendum Selskarðs bréf þar sem óskað væri eftir tilnefningu fulltrúa f.h. Selskarðs í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingar svæðisins. Með bréfi, dagsettu 24. apríl 2019, til landeigenda Selskarðs óskaði Umhverfisstofnun eftir tilnefningu í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingar svæðisins frá öllum landeigendum jarðarinnar Selskarðs, þ.m.t. frá Birni Erlendssyni og Jóni Lárussyni. Meðal annars kom fram í bréfinu að um leið og tilnefning berist Umhverfisstofnun verði boðað til fyrsta fundar samstarfshópsins. Tilnefning í samstarfshópinn barst frá hluta eigenda Selskarðs þann 15. maí 2019. Fyrsti fundur samstarfshópsins fór fram 12. júní 2019 og voru allir þeir sem höfðu verið tilnefndir í hópinn boðaðir á fundinn. Jón Lárusson og Björn Erlendsson voru ekki tilnefndir í samstarfshópinn og voru því ekki boðaðir á fundinn. Umhverfisstofnun lítur svo á að sá fulltrúi hluta landeigenda sem tilnefndur var í samstarfshópinn hafi heimild til að sitja í samstarfshópnum fyrir hönd þeirra landeigenda sem tilnefndu hann. Umhverfisstofnun upplýsti alla sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta eða eiga eignarréttindi í einhverri mynd um framgang málsins frá upphafi. Umhverfisstofnun bendir á að athugasemdir við málsmeðferð friðlýsingar árið 2014 eru ekki til meðferðar hjá stofnuninni en við undirbúning friðlýsingar svæðisins nú hefur verið litið til þeirra athugasemda sem þá bárust. Var friðlýsing frá 2014 felld úr gildi árið 2016 á grundvelli formgalla í málsmeðferð undirbúnings friðlýsingarinnar. Bendir Umhverfisstofnun á að það er ekki hlutverk stofnunarinnar að skera úr um hvernig eignarréttindum er háttað á svæðinu. Vekur Umhverfisstofnun athygli á því að stór hluti þess svæðis sem hér um ræðir hefur verið friðlýstur sem hluti af Reykjanesfólkvangi frá árinu 1975.

*Aðrar athugasemdir*

Náttúrufræðistofnun Íslands sendi erindi þann 21. ágúst 2019 þar sem stofnunin vísar til fyrra erindis til Umhverfisstofnunar frá 27. mars 2019 þar sem gerð var grein fyrir jarðfræði, landslagi og lífríki svæðisins og gerð var grein fyrir verndargildi svæðisins. Stofnunin hefur engu við það að bæta.

Í erindi frá Ferðamálastofu, dagsett 4. júlí 2019, kemur fram að ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhuguð áform um friðlýsingu.

Í erindi Minjastofnunar Íslands, dagsett 9. september 2019, kemur fram að stofnunin telji rétt að fresta vinnu við friðlýsingu á svæðum þar sem stjórnsýsla stofnananna skarast.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og hefur tekið mið af þeim þáttum sem þar koma fram við undirbúning friðlýsingarinnar þar sem markmið hennar að vernda m.a. jarðmyndanir, eldstöð, hraunhella og gróður- og dýralíf svæðisins.

Hvað varðar athugasemd Minjastofnunar Íslands um fresta vinnu við friðlýsingu svæðisins þá bendir Umhverfisstofnun á að verkefnið er unnið á grundvelli stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um átak í friðlýsingum. Undirbúningur friðlýsinga eru unninn á grundvelli laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og gert er ráð fyrir samstarfi við Minjastofnun Íslands á grundvelli laga um minjavernd.

Reykjavík 13. maí 2020

UST202003-512

09.03.

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir